


TÚN

VOTTUNARSTOFA



Skeiða- og Gnúverjahreppur	
Bnr.	K/S
Ábm. <i>Ragnar</i>	Svfr.
Afgr. <i>Fundur</i>)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Vottunarstofan Tún ehf. • Þarabakki 3 • IS-109 Reykjavík • Iceland
Tel: +354 511 1330 • Fax: +354 511 1331 • tun@tun.is • www.tun.is

2020-09-02

024

Til hluthafa og stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Ágæti viðtakandi,

Meðfylgjandi er fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2020 sem haldinn var 26. ágúst s.l.

Bestu kveðjur,

Gunnar Á Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2020

haldinn á Grand Hótel í Reykjavík kl. 16.00 miðvikudaginn 26. ágúst 2020

Fundargerð:

Dagskrá fundarins var þannig:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2019.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð taps.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.
10. Kjör stjórnar.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

1. Setning

Finnur Sveinsson formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kjör fundarstjóra

Finnur Sveinsson gerði tillögu um Kristján Birgi Thorlacius sem fundarstjóra og var hann sjálfkjörinn. Tók hann við stjórn fundar og þakkaði fundarmönum traustið.

3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi

Fundarstjóri kannaði mætingu og kom í ljós að mættir voru fulltrúar fyrir 10 hluthafa með 63,30% hlutafjáreign.

Til fundarins var boðað með bréfi til hluthafa þann 11. ágúst 2020 og var það því gert með nægjanlegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 63. gr. ehfl. og ákvæði samþykkta félagsins.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmaðan og ályktunarbæran varðandi dagskrármálin og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarmanna. Engar tillögur bárust til fundarins innan setts frests, aðrar en þær sem tilgreindar voru í fundarboði.

4. Kjör fundarritara

Fundarstjóri gerði tillögu um Gunnar Ágúst Gunnarsson sem fundarritara, var hann sjálfkjörinn og tók þegar til starfa.

KRISTJÁN
6/86

Fundarstjóri lagði til að fjallað yrði um lið 5 skýrslu stjórnar og lið 6 ársreikninga félagsins í einu lagi og var það samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi liðins árs

Gunnar Águst Gunnarsson framkvæmdastjóri Túns flutti skýrslu stjórnar um starfsemi liðins árs, en henni var dreift skriflega til fulltrúa. Meginverkefni Túns voru sem fyrr eftirlit, matsstörf og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða, en auk þess er innra gæðastarf veigamikill þáttur í rekstri félagsins. Gunnar gerði grein fyrir helstu breytingum í starfsemi og starfsumhverfi, þ.m.t. samdrætti í fiskveiðivottun og samningi við FEE um vottun samkvæmt viðmiðum Bláfánans og Græna lykilsins.

6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 kynntur og lagður fram til samþykktar

Finnur Sveinsson formaður stjórnar Túns kynnti ársreikning félagsins, en honum hafði verið dreift skriflega til fulltrúa. Hann útskýrði helstu niðurstöður ársreikningsins. Rekstrartekjur ársins voru kr. 76.169.500 sem er hækkan um tæpar 4,3 milljónir frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu kr. 78.261.696 sem hækkan um tæpar 4 milljónir. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og -galda var tap félagsins kr. 2.024.881. Veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum námu kr. 4.116.165 í lok árs. Lausafjárstaða félagsins var talsvert lakari í árslok eða kr. 1.114.168.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins

Að lokinni kynningu formanns gaf fundarstjóri fundarmönnum tækifæri á að koma með spurningar og athugasemdir varðandi skýrslu stjórnar og ársreikninginn.

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2019 var því næst borinn upp og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um meðferð taps.

Fundarstjóri benti á að samkvæmt ný samþykktum ársreikningi væri tap á starfsemi félagsins á liðnu ári sem þar af leiðandi færst yfir á óráðstafað eigið fé.

8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2020 samþykkir að fyrirkomulag þóknunar stjórnarmanna verði óbreytt og að ekki séu greidd sérstök laun fyrir stjórnarsetu í félagini.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun endurskoðanda og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2020 samþykkir að fyrir endurskoðun verði greitt eins og verið hefur skv. reikningi endurskoðanda fyrir vinnu við endurskoðun.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

*Vestur
6/6*

9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.

Fundarstjóri las upp og gerði grein fyrir tillögu stjórnar sem er svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. haldinn 26. ágúst 2020 samþykkir að framlengja til 31. desember 2021 heimild til stjórnar, sem rennur út 31. desember 2020, til að auka hlutafé félagsins um allt að krónur 3.950.000 að nafnverði og að ákvarða gengi hlutanna. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hlutum. Stjórnin skal hafa heimild til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna þessarar heimildar sbr. 3. mgr. 30. gr. I. um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Fundarstjóri benti á að hér væri um að ræða tillögu um framhald heimildar sem verið hefði í samþykktum um nokkurra ára skeið.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista aðalmannna í stjórn: Finnur Sveinsson, Gunnlaugur Kristján Jónsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson og Fanney Karlsdóttir. Þar sem ekki hefði borist önnur tillaga um skipan aðalstjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista varamanna í stjórn: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingi Þór Jónsson, Þórarinn Egill Sveinsson, Guðfinnur Ellert Jakobsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir. Þar sem ekki hefði borist önnur tillaga um skipan varastjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

11. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi svo hljóðandi tillaga:

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. leggur til að Tryggi E. Geirsson löggiður endurskoðandi verði endurkjörinn endurskoðandi félagsins.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að taka til máls um kosningu endurskoðanda. Enginn kvaddi sér hljóðs og var því gengið til atkvæða um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Önnur mál

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að nú væri komið að síðasta dagskrárið í formlegrí dagskrá fundarins, önnur mál. Hann gaf fundarmönnum tækifæri til að tjá sig um önnur mál.

Fyrir fundinum lá skriflegt erindi Birgis Þórðarsonar til stjórnar félagsins, dags. 21. ágúst 2020, sem dreift hafði verið með fundargögnum. Birgir gerði grein fyrir erindi sínu og þeirri tillögu til stjórnar að gerð verði könnun á ástæðum fækkunar vottunarhafa í sumum greinum hefðbundins landbúnaðar. Líflegar umræður urðu um málið og hvöttu fundarmenn til þess að stjórn taki málið til frekari skoðunar við fyrsta færi.




Fráfarandi aðalmönnum í stjórn, þeim Heiðmari Guðmundssyni og Oddnýju Önnu Björnsdóttur, voru þókkuð störf í þágu félagsins.

Fundarstjóri lagði til að sér og fundarritara verði falið að ganga frá fundargerð og senda hana út til hluthafa og stjórnar, og var sí tillaga samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir mætingu og sleit fundi um kl. 17.30.

Þannig fram farið 26. ágúst 2020.



Kristján B. Thorlacius
fundarstjóri



Gunnar Á. Gunnarsson
fundarritari

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S
Aðm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Vottunarstofan Tún ehf
Parabakka 3,
109 Reykjavík

Hveragerði 21.ágúst 2020

Erindi til stjórnar Tún ehf á aðalfundi félagsins 26. Ágúst 2020


Í ljósi fækkunar vottunarhafa/viðskiftavina í hefðbundnum landbúnaði, t.d. sauðfjárrækt og garðyrkju legg ég til að stjórn félagsins geri könnun á ástæðum fækkunar og vinni að breytingum á reglum með tilliti til aðstæðna og búskaparhátta hér á Íslandi, þetta verði gert með samstarfi við bændur og fagfélög þeirra, t.d. Vor samtök lífrænna bænda, samtök sauðfjárbænda, Bændasamtökin o.fl.

Sem féluginu er væntanlega kunnugt hefur verið almenn óánægja meðal margra vottunarhafa, hversu lítið er tekið tillit til búskaparhátta og sérstöðu hér á landi við gerð regluverka Túns. Allfarið er farið að erlendum reglum og að ráðum erlendra ráðgjafa, sem litla sem enga þekkingu hafa á sérstöðu landbúnaðar á Íslandi. Jafnvel er farið eftir ýmsum duttlungum og sérvisku stjórnenda félagsins, við framgang margra mála er varða aðferðir við vottunareftirlit o.fl. Ekkert er hugað að hag og sérstöðu margra vottunarþega, hægt að nefna mörg dæmi þar um. Bent er á að umrædd óánægja er mest áberandi hjá þeim, sem hafa aflað sér menntunar í faginu t.d. hjá viðurkenndum landbúnaðarskólum í lífrænni ræktun í Svíþjóð, Kanada, Bretlandi, margir, ef ekki allir þessara aðila hafa sagt sig frá vottuninni.

Spurt er; Hversu marga viðskiftavini/bændur, t.d. sauðfjárbændur hafa framkvæmdastjóri Túns og stjórnarformaður heimsótt á sl. tveim árum ?

Rétt er að benda stjórnarmönnum á að tilvist félagsins og að það hafi tórt öll þessi ár er einungis að þakka þrautseigju Gunnars Ágústs Gunnarssonar framkvæmdastjóra félagsins frá upphafi.

Með bestu kveðjum



Birgir Þórðarson, búfræðingur/umhverfisskipulagsfræðingur
Breiðamörk 12
819 Hveragerði
893 1800

Hluthafi frá stofnun Túns, f.v. vottunarhafi, f.v. skoðunarmaður og f.v. nefndarmaður á vegum Túns.

Afrit sent hluthöfum Vottunarstofunar Túns ehf.